



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis). (Þingskjal 34 — 34. mál.)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016 um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Samtökin styðja efni frumvarpsins og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög. Börn ættu að mati Barnaheilla í öllum tilfellum að fá dvalarleyfi hér á landi ef foreldrar þess hafa dvalarleyfi, sækist barnið og fjölskylda þess eftir því. Öllum hindrunum sem koma í veg fyrir að barn njóti umgengni og samvista við foreldri sín ætti að ryðja úr vegi, að teknu tilliti til vilja barnsins hverju sinni.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum allra barna án mismununar og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.